



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS Á SUÐURLANDI

Grímsnes- og Grafningshreppur
Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu BORG
805 Selfoss

Selfossi, 15. október 2022

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Erindi þessa bréfs er að óska eftir styrk til SIGURHÆÐA – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – vegna starfseminnar 2023.

Haustið 2021 var sett fram sú stefna fyrir hönd SIGURHÆÐA að sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagni þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs. Sú stefna hefur náð fram að ganga, sem er bæði lofsvert og þakkarvert. Er það dæmi um þá miklu ánægju, einhug og samstöðu sem ríkir um SIGURHÆÐIR, sem er einstök á landsvísu.

SIGURHÆÐIR hafa á árinu 2022 verið áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands með 5 mkr. framlagi og mun verða sótt um áframhald á þeirri stöðu fyrir árið 2023. Tóku styrkumsóknir til sveitarfélaganna sunnlensku vegna ársins 2022 mið af þessu, enda var sótt til þeirra um styrki í hlutfalli við íbúafjölda fyrir upphæðum sem að viðbætti fjárveitingu úr Sóknaráætlun nam þriðjung af kostnaðaráætlun 2022. Ákvörðun stjórnar SASS lá fyrir í byrjun desember 2021 og var því ekki sótt um styrki til sunnlensku sveitarfélaganna fyrr en um miðjan desember 2021. Var tímasetningin mjög bagaleg fyrir sveitarfélögin og með þessu snemmbúna erindi nú er ætlunin að að gefa sveitarfélögunum eðlilegan tíma til að undirbúa sína ákvarðanatöku um styrk til SIGURHÆÐA.


Kostnaðaráætlun SIGURHÆÐA 2023 nemur kr. 47.883.000. Tekur hún mið af rauntölum ársins 2022 yfir aðsókn og nýtingu á úrræðinu. Er nú svo komið að tæplega 200 konur hafa sótt eða eru í þjónustu og eru viðtöl nálægt 600. Er þá ekki reiknað með hópmeðferðinni, sem fram fer í þremur meðferðarlotum. Fyrirhugað er að halda áfram að undirbúa rannsókn á árangri EMDR-meðferðarinnar og hefja rannsókn á árangri hópmeðferðarinnar. Rýning og árangursmat á starfseminni er okkur og einkum opinberum aðilum mjög kærkomin, eins og óháð úttekt Háskóla Íslands á undirbúningi, innleiðingu og árangri á fyrsta starfsári SIGURHÆÐA, sem kynnt var í maí sl., er gott dæmi um. Þá verður fræðslustarfi meðal

ungmenna haldið áfram og síðast en ekki síst verður gagnger stefnumótunarvinna sett af stað snemma árs 2023 þar sem fulltrúar sveitarfélaganna og annarra samstarfsaðila taka þátt.

Af þessu leiðir að settar eru fram tvær tölur hér yfir mögulegan styrk til SIGURHÆÐA. Verði framhald á stöðu SIGURHÆÐA sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar með óbreyttu framlagi þá er leitað eftir styrk frá Grímsnes- og Grafningshreppi að upphæð kr. 175.000. Komi ekkert framlag úr Sóknaráætlun er leitað styrks að upphæð kr. 255.000.

Með innilegu þakklæti fyrir gefandi samstarf og órofa samstöðu um SIGURHÆÐIR, úrræði sem hefur sannað gildi sitt svo eftir er tekið.

Virðingarfyllst,



Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Viðhengi: Kostnaðaráætlun 2023.